

**Sp.**

**80. Tillaga til þingsályktunar**

[73. mál]

um aðild grænlinga að Norðurlandaráði.

Flm.: Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina og fulltrúa Íslands í Norðurlandaráði að beita sér fyrir því að grænlingar fái fulla aðild að Norðurlandaráði og velji fulltrúa sína sjálfir.

**Greinargerð.**

Norðurlandaráðin standa mjög framarlega meðal þjóða heims að því er varðar lífshæð, menningarmál og félagsmál. Þó eru til staðir innan Norðurlanda sem bera allt annan svip og mótast enn af þeim tíma þegar sum Norðurlandaráði voru nýlenduvaldi. Verst er þetta ástand í Grænlandi. Þegar stöðu Grænlands var breytt 1953, þannig að landið hét ekki lengur nýlenda, heldur „amt í Danmörku“, var ástæðan sú, að þing Sameinuðu þjóðanna hafði samþykkt að gera könnun á ástandinu í nýlendum þeim sem enn væru eftir á hnettinum, og dönsk stjórnarvöld vildu af skiljanlegum ástæðum ekki að sú könnun næði til Grænlands. En afleiðingarnar urðu meira en formlegar. Danir tóku upp þá stefnu að gerbreyta lífsháttum grænlinga og þar með menningu þeirra. Þeir söfnuðu grænlingum — að verulegu leyti með valdi — í þorp og smábæi við ströndina og reyndu að koma á atvinnuháttum sem líktust þeim sem t. d. tíðkast í flestum Evrópulöndum. Afleiðingin varð sú að nýlenduáþjánín varð miklu nærgöngullu við hvern einstakan grænling en áður var. Grænlingar voru flestir veiðimenn áður, og veiðimenn eru persónulega frjálsir hvernig svo sem yfirstjórn er háttað í landi þeirra. Þegar grænlingum var smalað í bæi voru rætur þeirra við fortíðina rifnar sundur, og þeir kynntust á degi hverjum hlutskipti ófrjálsra manna. Fullyrða má að nýlenduáþjánín í Grænlandi hafi aldrei orðið verri en eftir að landið varð „amt í Danmörku“. Flutningsmaður þessarar tillögu kynntist því andrúmslofti sjálfur á allöngu ferðalagi um vesturströnd Grænlands sumarið 1975 ásamt öðrum fulltrúum í samgöngumálanefnd Norðurlandaráðs.

Á síðustu árum hefur eflst í Grænlandi pólitísk vakning, ekki sist meðal ungs fólks sem hlotið hefur menntun og kynnst ástandinu í öðrum Evrópulöndum. Þetta unga fólk ber fram eðlilegar kröfur um sjálfstjórn. En jafnframt vofa yfir grænlingum meiri hættur en nokkru sinni fyrr, vegna þess að við landið og í því hafa fundist mikil verðmæti, t. d. bæði olía og úran. Hætta sú, sem vofir yfir grænlingum, er að alþjóðlegir auðhringir fái aðstöðu til að nýta þessar auðlindir án þess að grænlingar verði um það spurðir, en með slíkri innrás væri bundinn endir á grænlenka menningu og eðlilegar grænlenkar sjálfstæðishugmyndir.

Danskir ráðamenn segja oft að vandamál grænlinga séu „danskt innanríkismál“, og er vonandi ógeðfellt fyrir alla íslendinga að hlusta á slíkan málflutning. Hitt væri sýnu geðfelldara, að Norðurlandabúar allir litu á það sem hlutverk sitt að styrkja grænlinga til þess að ná þjóðlegri fótfestu á nýjan leik og ákveða sjálfir framtíðarörlög sín. Tillögu þessari er ætlað að gefa grænlingum kost á að kynna vandamál sín og túlka viðhorf sín í stofnun þar sem fulltrúar allra Norðurlandþinga eiga fulltrúa.